
F U N D A R G E R ð

Fundur:	Raforkuhópur 2010-10
Fundartími:	Mánudagur 5. október 2010 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. 3) Raforkuspá 2010-2050. Farið yfir uppkast sem sent var fyrir fundinn. 4) Verkefni ársins 2011. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:	
Raforkuhópurinn:	Ívar Þorsteinsson Íris Baldursdóttir
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Baldur Dýrfjörð Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson Ásgeir Sigtryggsson Pétur E. Þórðarson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerðir síðustu funda.
- 2) JV sýndi og fór yfir tölur um raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Raforkuvinnslan hefur aukist um 1,3% frá sama tíma árið 2009 en flutningstöp hafa minnkað um 6,1%. Stórnotkun hefur aukist mikið eða um 2,3% en almenn notkun hefur minnkað um 1,9%. Ótryggð orka hefur minnkað um 4,0% á þessu tímabili væntanlega vegna lítillar loðnuveiði en forgangsorkan hefur minnkað um 1,6%. Meðalhiti er heldur hærri á fyrri hluta ársins en á síðasta ári. Hitastigleiðrétting eykur því heldur notkunina og minnkunin eftir leiðréttingu fyrir forgangsorku er 1,0% en á 2. ársfjórðungi er minnkunin 2,0%. JV sagði að almenna notkunin hafi nú minnkað samfellt í 6 ársfjórðunga. Athyglisvert er að áfram halda flutningstöp að minnka.
- 3) IB fór yfir uppkast að raforkuspá. Athugasemdir bárust fyrir fundinn frá Landsneti (Magni og Jóhannes) og frá Sigurði. JV sagði að það ætti eftir að uppfæra mannfjöldaspá og IB nefndi að útbúa há- og lágspá. Landsnet þarf að rýna viðauka 7. IB nefndi rafbíla

og vísaði í ýmislegt sem kom fram á ráðstefnunni Driving sustainability. Fundarmenn ætla að senda athugasemdri við spána til IB í síðasta lagi eftir eina viku.

Íris nefndi hvort ekki væri rétt að kynna spána þegar hún verður tilbúin. Rætt var um hvernig hugsanlega mætti kynna spána en ekki neitt ákveðið um það.

- 4) JV sýndi áætlun um vinnu fyrir raforkuhóp á árinu 2011. Þar er miðað við 880 tíma vinnu sem er 200 tímum minna en var í áætlun þessa árs. Kostnaður er áætlaður um 10 Mkr. fyrir utan virðisaukaskatt. Íris sagði að áætlunin væri samþykkt af Landsneti. ÍP mun athuga með samþykki Orkustofnunar.
- 5) Íris benti á að orkusp.is virkaði ekki lengur. ÍP sagði að komin væri ný heimasíða hjá Orkustonun og URL því annað sem vísa þyrfti í. JV var falið að laga þetta. ÍP sagði að ekki væri búið að afgreiða á Orkustofnun beiðni um aukið framlag til raforkuspár á þessu ári.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- Uppkast að raforkuspá.

Dreift var á fundinum:

-

Sýnt var en ekki dreift:

- Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins.
- Vinna fyrir raforkuhóp orkuspárnefndar 2011. Verkefnishandbók.

Dreift eftir fundinn:

- Vinna fyrir raforkuhóp orkuspárnefndar 2011. Verkefnishandbók.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV	Lagfæra vísun í orkuspa.is
ÍP	Áætlun næsta árs
ÍP	Beiðni um aukið framlag til hópsins á þessu ári